

Pinggerð

14. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið þann 09. mars 2024 og hófst þinghald kl.12.

1. Þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi.

Hinrik Pálsson, formaður KRAFT, bauð gesti velkomna á ársþingið.

2. Kosning þingforseta og varapingforseta

Formaður KRAFT lagði til að Valdimar Leó Friðriksson yrði kosinn þingforseti og Sigurjón Pétursson til vara. Báðir eru réttkjörnir. Þingforseti kom í pontu og þakkaði traustið.

3. Pinggerð síðasta þings lögð fram

Þinggerð síðasta kraftlyftingarárings hefur legið frammi á vefsíðu KRAFT og var send á félög.

4. Kosning þingritara og varapingritara

Lögð fram tillaga um Laufeyju Agnarsdóttur sem þingritara og Maríu Guðsteinsdóttur til vara. Laufey og María eru réttkjörnar.

5. Staðfesting á lögmæti þingsins

Þingforseti fór yfir boðun þingsins. Fyrsta og annað þingboð voru send með löglegum fyrirvara. Rétt hefur verið boðað til þingsins og það því úrskurðað lögmætt.

6. Kosning kjörbréfanefndar

Gerð var tillaga um að Lára Bogey Finnbogadóttir, María Guðsteinsdóttir og Kristleifur Andrésson tækju sæti í kjörbréfanefnd. Ekki voru aðrar tilnefningar og þau því réttkjörin.

7. Viðurkenningar

Formaður KRAFT veitti kraftlyftingafólki ársins og stigahæsta liði karla og kvenna viðurkenningar KRAFT.

Kraftlyftingakona ársins: Sóley Margrét Jónsdóttir, Breiðablik.

Kraftlyftingakarl ársins: Alexander Örn Kárason, Breiðablik.

Stigahæsta lið ársins í karlaflokki: Breiðablik

Stigahæsta lið ársins í kvennaflokki: Massi

8. Ávörp gesta

a. Vésteinn Hafsteinsson, afreksstjóri ÍSÍ, flutti ávarp „Áfram Ísland ! Tillögur að fyrirkomulagi afreksstarfs“ (Starfshópur um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks).

b. Kristín Skjaldardóttir, samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs ÍSÍ, flutti ávarp þar sem hún ítrekaði mikilvægi þess að sambandið kjósi um Viðbragðsáætlun fyrir íþróttá- og æskulýðsstarf.

9. Álit kjörbréfanefndar lagt fram til samþykktar

Lára Bogey flutti álit kjörbréfanefndar. Send voru út kjörbréf fyrir 46 atkvæði (15 félög). Fjöldi atkvæða á þingi eru samtals 23.

Fjöldi kjörbréfa sem voru send út : 46 kjörbréf til 15 félaga.

Fjöldi kjörbréfa á þingi : 23

Engin mótmæli við talningu atkvæða.

10. Skýrsla fráfarandi stjórnar kynnt

Hinrik Pálsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Hana er hægt að nálgast á heimasíðu KRAFT.

11. Endurskoðaðir ársreikningar KRAFT lagðir fram

Aron Ingi Gautason gjaldkeri KRAFT fór yfir endurskoðaða ársreikninga ársins 2023 með hliðsjón af ársreikningum 2022. Stilltur upp af skoðunarmanni félagsins Magnúsi Magnússyni viðskiptafræðingi og yfirfarinn af kosnum skoðunarmönnum. Ársreikninga má finna á heimasíðu KRAFT.

12. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og reikningar bornir undir atkvæði

Nokkrar spurningar frá fundarmönnum um rekstur síðasta árs sem gjaldkeri svaraði. Ársreikningar 2023 bornir undir atkvæði. Samþykktir samhljóða.

13. Fjárhagsáætlun og starfsáætlun stjórnar KRAFT fyrir næsta starfsár lögð fram, rædd og borin undir atkvæði

Aron Ingi gjaldkeri og Hinrik formaður fóru yfir fjárhagsáætlun og starfsáætlun næsta starfsárs. Boðið var upp á umræður. Einar Örn (AKR) kom í pontu og ítrekaði þörfina á að ráðast í meiri vinnu við að fá fasta styrktaraðila. Í svari formanns kom fram að vegna HM í búnaði sem verður á Íslandi í nóvember er verið að afla styrkja og standa vonir til þess að það samstarf haldi áfram í amk einhverjum tilvikum. Einnig kom fram frá núverandi stjórnarmanni að í fyrri stjórn hefði stjórnarmaður tekið að sér að leita styrkja og sent styrktarbeiðnir á 300

fyrirtæki en ekki fengið nein viðbrögð.. Ítrekað var af fundarmanni að best væri að fá einhvern utan stjórnar til að hjálpa við að leita eftir styrktaraðilum. Fjárhagsáætlun ársins 2024 borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

14. Tillögur að lagabreytingum, sem og aðrar tillögur

Stjórn KRAFT lagði fram ályktun :

ÁLYKTUN

Árþing KRAFT samþykki að kraftlyftingahreyfingin á Íslandi starfi eftir viðbragðsáætlun Íþróttá- og æskulýðsstarfs sem útgefin var árið 2022.

GREINARGERÐ

Áætlunin var unnin í sameiningu af ÍSÍ, ÍBR, Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og K, Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, UMFÍ og Æskulýðsvettvanginum.

Markmið áætlunarinnar er að færa aðilum innan íþróttá- og æskulýðsfélaga og samtaka um allt land samræmda áætlun vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í starfinu og innfelur leiðbeiningar varðandi erfið og flókin mál. Eðlilegt er að viðbrögð innan hreyfingarinnar séu samræmd. Í áætluninni er að finna verkferla sem fylgja skal þegar atvik eða áföll verða í starfinu, t.d. slys, veikindi, hamfarir, einelti og ofbeldi. Einnig inniheldur áætlunin gagnlegan fróðleik um keppnisferðir, hinseginleika, fjölmenningu, inngildinguna í félagsstarfi, öryggismál og atvikaskráningar.

Áætlunin nær yfir alla starfsemi íþróttá og æskulýðsfélaga á landinu, aðildarféлага, þátttakendur, stjórnendur, yfirmenn, starfsfólk, sjálfboðaliða og aðrar ábyrgðaraðila innan félaganna. Stjórn KRAFT hefur unnið eftir áætluninni í starfsemi KRAFT.

Fundarmenn samþykktu ályktun samhljóða.

15. Ákvörðun um þáttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils

Stjórn KRAFT lagði fram tillögu um hækkun á keppnisgjöldum. Hækkunin yrði 500 kr., bæði fyrir staka grein og þrílyftu. Eftir hækkun yrðu keppnisgjöld 6.500 kr. fyrir staka grein og 8.000 kr. fyrir þrílyftu.

Lífleg umræða skapaðist um hækkunina. Ýmis sjónarmið komu fram m.a. andstaða við hækkun keppnisgjalda á einnar lyftu mótum (bara þrílyftumótum), skoða að láta ekki drengja- og telpuflokka borga keppnisgjöld og ábending um að umfangið við að halda einnar lyftu mót og þrílyftu mót getur verið jafnmikið fyrir mótshaldara.

Kristín Skjaldardóttir benti fundarmönnum og félögum á að kanna Hróa Hött Barnavinafélag. Skv. heimasíðu félagsins er markmið þess að styðja fjárhagslega

við bakið á þeim grunnskólabörnum sem líða skort á einhvern hátt og hafa ekki sömu lífsgæði og bekkjarsystkyni þeirra.

Eftir umræðu, lagði formaður fram nýja tillögu, sem þá mætti endurskoða á næsta þingi ef það koma í ljós ókostir (sérstaklega rekstrarlega). Tillagan er: Keppnisgjöld fyrir einnar lyftu mót haldast óbreytt, 6.000 kr. Keppnisgjöld fyrir þrílyftu mót hækka um 500 kr., eftir hækkun verða keppnisgjöld 8.000 kr. Fundarmenn samþykktu samhljóða.

16. Kosning formanns, stjórnar KRAFT, tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara, formanna fastanefnda sambandsins, fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSÍ í samræmi við lög ÍSÍ

Hinrik Pálsson er einn í kjöri til formanns KRAFT og er því réttkjörinn.

Aron Ingi, Laufey og Þórunn Brynja buðu sig fram til endurkjörs. Engin önnur framboð og því réttkjörin.

Skoðunarmenn ársreikninga : Ari Kárasón og Helgi Briem - Samþykktir samhljóða

Varaskoðunarmenn ársreikninga : Ellert Björn Ómarsson og Sigurjón Pétursson - Samþykktir samhljóða

Formenn fastanefnda KRAFT:

Formaður dómaranefndar : Alex Cambrey Orrason - Samþykktur samhljóða

Formaður laganefndar : Þórunn Lilja Vilbergsdóttir - Samþykkt samhljóða

Formaður mótanefndar : Ellert Björn Ómarsson - Samþykktur samhljóða

Formaður landsliðsnefndar : Róbert Kjaran - Samþykktur samhljóða

Formaður heiðurmerkjanefndar : Gry Ek - Samþykkt samhljóða

ÍSÍ þing : Formaður, varaformaður og frkv. stj. - Samþykkt samhljóða

17. Önnur mál

A. Ellert Björn Ómarsson mótsstjóri HM í búnaði flutti erindi þar sem hann sagði frá undirbúningi mótsins. Heimasíða mótsins er www.ipfworlds.com

B. Sigurjón Pétursson varaformaður IPF sagði frá ánægjulegri heimsókn tæknideildar IPF til Massa í byrjun árs. Úttektaraðilar IPF voru einstaklega sáttir við kynningu Ellerts og Gullu hjá Massa. Mótið verður sýnt á Eurosport og CBS (í BNA).

C. Auðunn Jónsson íþróttastjóri flutti tillögu til stjórnar fyrir hönd Hjalta Úrsusar í Kraftlyftingafélagi Mosfellsbæjar. Tillaga um að KRAFT og LÍ vinni saman að koma íþróttageininum inn á í nýjan Þjóðarleikvang. Aðstöðuleysi er hjá sumum félögum, sérstaklega hjá félögum í Rvík.

Tillaga til stjórnar - Ársþing 2024

Frá Hjalta Árnasyni Kraftlyftingafélagi Mosfellsbæjar: Lagt er til að KRAFT og LSÍ fari að skoða möguleikann á því að fá sameiginlega aðstöðu í nýju þjóðarhöllinni í Laugardal. Erfitt hefur verið að fá aðstöðu

til að halda mót og þá sérstaklega fyrir Reykjavíkufélögin. Fyrir vikið er mjög mikil vinna sem hefur fylgt mótahaldi í tengslum við flutning á lóðum og keppnisgræjum.

- D. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, í frkv.stjórn ÍSÍ, flutti kveðju frá forseta og framkvæmdastjórn ÍSÍ. Í máli hennar kom fram að því fyrr sem inniþróttir sendi inn beiðni til frkv. aðila sem sinna Þjóðarhöll, því betra. Hún ítrekaði mikilvægi þess að fundarmenn tali fyrir Afreksstefnunni, meira umtal eykur líkur á fjármagni í afreksstefnu.
- E. Einar Örn Jónsson steig í pontu og ræddi um mikilvægi þess að félög sendi sjálfbóðaliða á mót eða verða sektuð. Í reglum KRAFT var tekin út sú regla að KRAFT sekti félög sem senda ekki sjálfbóðaliða. Einar lagði til að sektarákvæði verði tekið aftur. Ef félag sendir 3 keppendur : 1 sjálfbóðaliði, fimm keppendur, 2 o.s.frv. Sektin færi til mótshaldara, ekki til KRAFT. Ítrekað að það þarf að virkja betur landsliðsfólk í opnum flokki og öldungaflokki í sjálfbóðavinnu á mótum.
- F. Sigurjón Pétursson upplýsti að IPF hefur ákveðið að hækka sektir ef alþjóðadómarar fylgja ekki landsliði (þar sem fjöldi krefur), þetta gildir um alla aldurshópa. Næstu áramót mun sektin hækka í 2000 evrur.
- G. Elín Melgar Aðalheiðardóttir hvatti fundarmenn til að klappa sérstaklega fyrir Róberti Kjarantæknistjóra, vegna vinnu hans sem snúa að öllu tæknilegu í kringum mótahald. Einnig spurt um hvort einhver sé til vara ef hann forfallast og upplýsti Róbert að svo er.
- H. Ingimundur Björgvinsson spurði um störf dómara á innanlandsmótum. Lagði til að skoða hvort alþjóðadómarar fái laun til að sinna dómarastörfum innanlands, dæmi því á fleiri innanlandsmótum og hækki þannig gæði á innlendum mótum.
- I. Egill Hrafn Benediktsson ítrekaði mikilvægi þess að haldið verði stangarmannanámskeið og að stangarmenn fái greitt fyrir sína vinnu.
- J. Ingimundur Björgvinsson lagði til að KRAFT sjái um verðlaunagripi en ekki mótshaldari eins og hefur verið. Það er oft nokkuð misræmi milli þeirra.
- K. Laufey Kristjánsdóttir átti lokaorðið í pontu þar sem hún kom inn á ástríðuna fyrir íþróttinni sem finna má hjá iðkendum. Þessa ástríðu má virkja betur sérstaklega meðal öldunga sem kannski eru ekki að keppa en eru til í að vera með „í fjörinu“.

Stjórn tók vel í öll atriði sem komu fram. Þau hafa verið móttækin og verða unnin áfram af stjórn KRAFT.

18. Þingslit

Endurkjörinn formaður, Hinrik Pálsson, sleit þinginu, kl. 14:58.